

GJALDSKRÁ

vegna skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Meginreglur.

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, auglýsingu og kynninga vegna málsins. Umhverfisnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 18.438 kr. eða gjald skv. reikningi.

2. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald: gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi og vegna skipulagsbreytinga. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu og yfirferð erindisins.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingu auglýsinga og aðra umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdráttum.

3. gr.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, viðmiðunargjald	342.976 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga	85.744 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga	73.495 kr.

4. gr.

Kostnaður vegna deiliskipulags.

<i>Nýtt deiliskipulag.</i>	
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga	342.976 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga	85.744 kr.
<i>Verulegar breytingar á deiliskipulagi.</i>	
Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	220.485 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	79.662 kr.
<i>Óverulegar breytingar á deiliskipulagi:</i>	
Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2 mgr. 43. gr. skipulagslaga	146.990 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2 mgr. 43. gr. skipulagslaga	85.744 kr.

	5. gr. <i>Kostnaður vegna grenndarkynningar.</i>	
Grenndarkynning		85.744 kr.
	6. gr. <i>Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.</i>	
Afgreiðslugjald		85.744 kr.
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat		
á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald		159.240 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald		85.744 kr.
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi		30.623 kr.

7. gr.
Gjalddagi.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari falla í gjalddaga við afgreiðslu erindis nema um annað sé samið.

8. gr.
Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð.

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Leyfisgjöld eru ekki endurkræf þó leyfi falli úr gildi.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá vegna skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa í Ísafjarðarbæ nr. 1343/2019.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 17. desember 2020.

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri.